

A 1760/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
þingmannatillögu um að kanna möguleika á að koma á fót samnorrænu doktorsnámi

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um
að hún kanni möguleika á að koma á fót samnorrænu doktorsnámi.

Bakgrunnur

Norðurlönd eru þekkt fyrir að bjóða hágæða menntun sem er aðgengileg fyrir alla og byggist á nýjustu rannsóknum. Fjárveitingar til rannsókna jukust verulega á Norðurlöndum á árunum 2007–2015.¹ Bæði það og framlög til rannsókna á samnorrænni fjárhagsáætlun eru vottur þess að rannsóknir og vísindi eru mikilvæg forgangsattriði í norrænu samstarfi.

Í greinargerð um rannsóknarstefnu, sem Norræna ráðherranefndin birti á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í október 2017, er tekið fram hvað snertir norrænt rannsóknarsamstarf að áherslan hafi á seinni árum verið lögð á fjármögnun þess og þá á kostnað fræðimannasamstarfs og rannsóknarnáms, hreyfanleika og tengslamyndunar. Um þetta segir í skýrslunni að það „geti verið tímabært að láta samstarf fræðimanna sitja frekar í fyrirrúmi, ef til vill einkum aðgerðir sem taka til rannsóknarnáms, hreyfanleika og tengslanets fyrir yngri fræðimenn, svo að tryggja megi öflugna norræna samstarfsfleti fyrir norræna fræðimenn framtíðarinnar“.

Í samræmi við greinargerð ráðherranefndarinnar telur Norræna þekkingar- og menningarnefndin að norrænt rannsóknarsamstarf eigi í æ ríkara mæli að snúast um rannsóknarstefnu og samstarf milli rannsóknarstofnana. Yrðu rannsóknir sem nú eru stundaðar á Norðurlöndum samhæfðar, til dæmis á grunni sameiginlegra doktorsverkefnaáætlana, væri unnt að nýta betur styrkleika norrænu landanna, þ.e. samþættingu, traust og frjálsa för vinnuafis og námsmanna. Sameiginlegt átak auðveldar einnig þvervísindalegt starf og nýtingu breiddarinnar hjá norrænu stofnununum.

Í skýrslu Jormas Ollila um norrænt orkumálasamstarf, sem samin var að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar og kom út í júní 2017, er gerð tillaga um að norrænu

¹ State of the Nordic Region 2018, bls. 120–122



löndin taki höndum saman um doktorsverkefnaáætlun á sviði orkumála. Dæmi um norrænt rannsóknasamstarf á þessu sviði er The Nordic Green Growth Research and Innovation Programme sem var ýtt úr vör árið 2016 af hálfu norræna rannsóknarráðsins NordForsk, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norrænna orkurannsóknna.

Fyrir hendi er pólitískur vilji til að sameina norræna hæfni og þekkingu á ákveðnu sviði og kanna kostina við það, eins og sjá má af tilmælum um sameiginlegt háskólanám í friðarviðræðum sem voru samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki árið 2017.

Norræna ráðherranefndin stendur straum af kostnaði við Nordic Master verkefnið en því er meðal annars ætlað að þróa og greiða fyrir samstarfi háskóla á Norðurlöndum með því að skipuleggja sameiginleg námsverkefni á meistarastigi. Verkefnið hefur verið rekið samfellt frá árinu 2007 og var gert varanlegt árið 2017. Tvisvar hefur það verið endurskoðað og metið, árin 2010 og 2012. Spurningalistar og viðtöl sýna að nemendur í norrænu meistaranámi eru afar ánægðir með verkefnið. Þeir kunna sérstaklega að meta hreyfanleikann sem í því felst. Verkefnið hefur laðað að bæði norræna og alþjóðlega nemendur.

Samnorrænt doktorsnám, Nordic PhD, eftir fyrirmynd Nordic Master á alla möguleika á að stuðla að lausnum á þeim viðfangsefnum sem lönd okkar þurfa að leysa.

Álit nefndarinnar

Nefndin telur að rannsóknir verði jafnvel enn mikilvægari þegar fram í sækir, þar sem felast tækifæri ekki síður en áskoranir í loftslagsbreytingum, grænum umskiptum og stafrænni væðingu svo að nokkuð sé nefnt. Þessar breytingar verða alls staðar á Norðurlöndum og eru sumar óviðráðanlegar hver fyrir sig. Þær þarf að leysa sameiginlega. Því leggur nefndin til að Norræna ráðherranefndin kanni möguleika á að koma á fót samnorrænu doktorsnámi.

Tillagan samrýmist fjórða heimsmarkmiðinu: Að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.

Nuuk, Grænlandi, 13. september 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Aron Emilsson (SD)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Johanna Karimäki (grænum)

Jorodd Asphjell (A)

Lars Mejern Larsson (S)

Lars-Arne Staxäng (M)

Marianne Synnes (H)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Paavo Arhinmäki (vinstri)

Peter Östman (kd)

Peter Johnsson (S)

Sofia Geisler (IA)

Tore Storehaug (KrF)